



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 132/2095
komudagur 9.5. 2006

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. maí 2006

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, 744. mál.

Það er í senn skynsamlegt og nauðsynlegt að móta heildstæða stefnu sem tekur til allra þátta þeirrar starfsemi sem stjórnvöld koma að í þeim tilgangi að efla atvinnulíf til nýsköpunar og vaxtar til hagsældar fyrir landsmenn. Það er mikilvægt að horft sé á heildarmyndina en forðast að láta of þrönga hagsmuni ráða ferðinni.

Frumvarpið er til þess fallið að auka samræmingu og samþættingu milli ráðuneyta og stofnana og stuðla að nauðsynlegri einföldun og aukinni skilvirkni.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir víkka út núverandi verksvið ráðsins og auka hlut atvinnulífsins í störfum þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að forsætisráðherra skipi tvo nýja fulltrúa í ráðið án tilnefningar. Í greinargerð segir: „Er við það miðað að þeir komi úr atvinnulífinu og hafi reynslu eða sérþekkingu sem nýst getur við hagnýtingu rannsókna. Með þessu opnast sá möguleiki að skipa í ráðið menn sem eru starfandi í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.“ Hér væri eðlilegt að kveða skýrt á um það í lögnum sjálfum að forsætisráðherra skipi menn úr atvinnulífinu.

Í frumvarpi um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð sem einnig er til umfjöllunar í þinginu er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður skuli í starfsemi sinni „taka mið af stefnu Vísinda- og nýsköpunarráðs.“ Með nýju Vísinda- og nýsköpunarráði er eðlilegt að sjóðurinn taki mið af stefnumótun þess enda fellur hlutverk ráðsins og Nýsköpunarsjóðs ágætlega saman en hlutverk sjóðsins er „að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum“. Nýtt Vísinda- og nýsköpunarráð mun væntanlega hafa lögbundið hlutverk sjóðsins í huga við eigin stefnumótun.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs styður að frumvarpið verði að lögum að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem að ofan greinir.

Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögnin berst háttvirtri allsherjarnefnd.

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS


Jón Steindór Valdimarsson, stjórnarformaður